

Fundur 29.12.2025 Alvinna, álfkona.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur úr stjörnusambandsstöð mikilli og vona ég að erindi mitt komist til skila á sem flestan hátt.

Er hér fagurt um að litast og gæfan var mest meðal íslensku þjóðarinnar þegar samfylgd okkar tegundar heppnaðist sem best og

*Þú ert álfur ?*

Já, og er hér fagurt um að litast og vonum við að á þessum tímamótum megi það takast að gefa ykkur betra ár en liðið er og megi það takast að veita einnig heill og blessun handa íslensku þjóðinni og öðrum og eru þeir dýrmætir dagarnir framundan og liðnir eru og finnst mér of langt síðan við komumst í sambandið síðast og þökkum fyrir góðar móttökur.

Og margt er skylt með þessum þjóðum, tegundum og lifum við efniskenndu lífi á okkar plánetum, en höfum við aðra snertipunkta en gerist og gengur og koma þar við sögu steinar og ýmis konar náttúruvættir og ýmis konar sameiginlegir fletir hnattanna þar sem mikið er um orku og kærleika og auðvelt er um samband.

Og gerðist sá óheppilegi atburður fyrir nokkrum árum að dökkir álfar komust í gegn um djúpin og hafa unnin mikinn skaða og var það ekki óundirbúið af hálfu helstefnu aflanna, heldur var hugað að stærri landvinningum en þó tókst að ná frá þeirra hálfu.

Og hefur verið reynt að koma hlutum í rétt horf eftir það og friðarumleitanir góðra manna á jörðinni ykkar megin stór hluti af því ferli.

*Það hefur kannski bætt úr.*

Bætt úr, já það hefur bætt úr, en það tekur samt tíma að koma á réttum hreyfingum þessara afla og vonum að það gangi sem best.

Er ég raunar álfkona, en eitthvað er það sem truflar, hávaði hér í fjarska.

*Það er verið að sprengja.*

Já það er ykkar árlega vitleysa, að reyna að fá ljós okkar með þeim hætti já.

Já ég vildi koma inn á það, ég er gömul, hef komið fram á mörgum hnöttum, og ekki til bóta þessi hávaði.

Ég minnst þess að ættingjar mínir höfðu samband við Íslendinga og hjálpuðum, heyrði reglulega af því sögur fyrr á öldunum hvernig gekk og gladdi það okkur að heyra um hið daglega líf íslensku þjóðarinnar og vorum í samskiptum við ýmsar fjölskyldur.

Og eigum ættir okkar að rekja aftur til fornra tíma sköpunar og endursköpunar Ása og Ásynja og höfum fylgst að með þróuninni fram eftir öldina og átt góð samskipti.

Voru það mörg börn mín og ættingjar sem komu fram meðal íslensku þjóðarinnar. Margt af því sem kallað var álfabústaðir hér áður fyrr í ykkar sögum, voru fjarskynjaðir bústaðir okkar á öðrum hnöttum og komumst við einnig í farartækjum á milli, hvort sem þau voru efniskennd eða framkomin vegna líkamninga.

En hjá okkur ríkir það lögmál að gera ekkert af eigingjörnum hvötum, en stuðla að framþróun tegundanna, og kom það oft sinnis fyrir að fólk var í mikilli nauð og þurfti á hjálp að halda og vissum við þá hvaða hlutverki íslensku þjóðinni var ætlað og komum til hjálpar og hefur mannfólk einnig komið okkur til hjálpar í sumum tilfellum.

Og fara þjóðsagnir ykkar ekki út í það í öllum smáatriðum, þar sem þeir sem skrifuðu þær sagnir höfðu ekki þekkingu og löguðu þær sagnir að sínum veruleika, en sannar eru þær sagnir sem segja frá hjálp við barns nauð og týnda hluti og ýmislegt annað.

Og hefur mörg fjölskyldan fengið bjartara og fegurra útlit eftir að hafa átt samskipti við okkar þjóðir, en sumt af því hefur gengið til baka og eigum við ekki auðvelt með að ná samstillingunni í borgar ysinum og hafa margar okkar fjölskyldur flúið úr þeim byggðum sem áður voru fjölmennar af okkar fólki.

En úti í sveitunum eru þar fleiri sem reyna að setjast að að nýju og gleður það okkur þegar fólk er opið fyrir okkur og skynjar okkur, en stundum er það aðeins grunur um eitthvað æðra afl og er það jafnvel tengt við kristna trú og ýmislegt.

Heiti ég Alvinna og hef ég ekki gengið um meðal Íslendinga, en ættingjar mínir sumir hafa gert það og vildum við sérstaklega koma inn á ýmsa spádóma fyrir næsta ár en það verður erfitt að koma því í gegn, en vonum að aðrir komi í sambandið og segi frá því nánar, en sérstaklega vildi ég fjalla um það hvernig hægt er að hreinsa út þær verur sem komust í gegnum hjúpinn og koma þeim aftur á sína helstefnu hnetti, og hefur það verið mikið verkefni nú um nokkurt skeið, um nokkur ár síðan farsótt nokkur kom fram hjá ykkur og stríð fóru að hefjast, og er þetta mikið verkefni og margir sem taka þátt í því.

En þeir dökku álfar eru sérlega viðkvæmir fyrir kærleikanum og samstillingunni og er það besta vopnið gegn þeim og afhenda þannig á sína heima hnetti.

Eru mikið í það lagt að efla ykkur á nýju ári og þessum áramóta tímamótum og er félag ykkar mikilvægt.

Var ég öflugust fyrir um það bil 500 árum og kom ég þá næstum því í gegn til ykkar, átti þó mest samskipti við ykkur, Alvinna heiti ég og þakka ég fyrir mig og gleður mig að komast í sambandið verið þið öll blessuð.

*Má ég spurja þig að einu ?*

Já.

*Þegar ég hugsa um álfa sé ég fyrir mér svona hávaxna konu, eru þið hávaxin eða lágvaxin ?*

Já.

*Ég þarna þegar maður ímyndar sér oft svona hugsunin þegar maður skapar eitthvað og ég hugsa oft um steinana og eitthvað þannig álfabyggðir.*

Já.

*Þið erum miklu nær manni en maður heldur, er það rétt ?*

Já já, og byggðirnar eru ekki lagðar í eyði, það er rétt, og já við erum af ýmsu tegundum og margir okkar í fullri stærð eins og þú segir jafnvel í hærri kantinum.

*Og mjög öflugir líka.*

Já,

*Ég hef séð ykkur.*

Já, við skynjum að þú hefur ágæta hæfileika.

*Já svo langar mit til að spyrja, hvar get ég komist í gott samband við ykkur, er það á Þingvöllum, upp á heiðum eða einhvers staðar, eða á þeim slóðum þar sem ég hef séð ykkur.*

Já þar sem þú hefur séð okkur, já það eru nefnilega misjafnir staðirnir og fólk er með misjafna tengingu við ýmsa staði og þær tegundir álfa sem þar búa, betra að komast á þá staði til að eflast.

*Í Hafnarfirði til dæmis.*

Já, hér nálægt ykkur eru einnig nokkuð um okkur, slíkar verur og víðar, á Þingvöllum já.

Og svo upp í Borgarfirði.

Já já.

*Hvar er það helst upp í Borgarfirði, í Reykholtssdal eða Hálsasveit ?*

Já.

*Í Húsafelli eru ekki góðir staðir þar ?*

Það eru gömlu þingstaðirnir oft, sem eru öflugir.

*Gömlu þingstaðirnir já, þá er það eins og ég skynjaði við vatnið hérna rétt við Reykjavík þar sem ég bý, þar sem gamli þingstaðurinn er.*

Já já.

*Til dæmis er það ekki rétt ?*

Jú jú, hefur þú séð eitthvað þar ?

*Nei nei, ekki þar, en ég hef séð þetta uppi á hálsinum þar sem ég ólst upp, á Úlfssstöðum.*

Já.

*Þar hef ég í tvígang séð og í eitt skipti hef ég séð manneskju á gangi, og mér fannst það skrítið ég hélt að þetta væri einhver úr sveitinni og vildi ná tali af viðkomandi manneskju, þannig að ég herti göngu mína, það skipti engu máli hvað ég hljóp, alltaf var fjarlægðin sú sama.*

He he,

*Og svo fór þessi vera niður barð og þegar ég kom að barðinu þá var hún horfin.*

*Það var við sjónarhól, það er örnefni.*

Já þeir geta oft verið feimnir, álfarnir líka og vilja, en reyna að halda rétttri fjarlægð, en það er mjög ánægjulegt og gott ef þetta gengur vel og gæti gefið þér ráðleggingar um framtíðina ef þú nærð aftur, sérð aftur, já viljum gjarnan efla sem flesta og vonum að það gangi, já þínir heimahagar það er góður staður og góð áhrif og já gæti skipt máli með sambandi við ættingjana og fleira, já prófa samband þar.

*Takk. Mig langar að spurja þig út í eitt, já nú er gríðarlegur áhugi og hæfileikar hjá ykkur í sambandi við tónlistarflutning og söng og spila á hljóðfæri og eru svolítið tónspil hjá okkur þegar þið eruð við tónlistarflutning og syngja og þegar við erum að syngja, verður þá svona samþjöppun samvinna á milli. Ég tala nú ekki um þegar um jól er að ræða ?*

Já það hafa komið fram að ýmis tónskáld hafa fengið áhrif, komið fram ýmis konar stef og annað, já og á tónleikum þegar vel gengur þá er svona samstilling á milli heimana og heyrist alveg að já tónlistin göfgar og þegar vel er gert, þá er það til þess að virkja og efla og já við vitum ekki til þess að það hafi komið eins fram, en það er ýmislegt svona furðu líkt svona eins og segja má.

Þannig að það má segja að það hafi komið svona brot úr tónverkum, svona í áttina. Já þeir sem eru mjög næmir þeir þekkja álfatónlistina af svona ýmsum stefnum, kemur stundum svona fram í þjóðlögum, kemur stundum fram líkindin við tónbilin. Já já þú ert í tónlist ?

*Ég já já ég hef soldið verið að semja svona sem var tileinkað sérstaklega huldufólki.*

Já já það væri ánægjulegt að skynja það, en ég verð þá að kveðja að sinni og ég þakka kærlega fyrir gott samband og vonum að vel gangi að samstillja heimana og nú um áramótin.

*Ég held að tónlistin á milli okkar geti losað okkur við þessa dökk álfa.*

Já já það hjálpar til já já, þar sem góð tónlist er.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir.

*Ég þakka fyrir og bið að heilsa.*

Já takk fyrir, takk fyrir.